# Lög um heilbrigðisstarfsmenn

Kristín Björnsdóttir, prófessor

## Lög um heilbrigðisstarfsmenn

Markmið laga þessara er að tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og öryggi sjúklinga með því að skilgreina kröfur um menntun, kunnáttu og færni heilbrigðisstarfsmanna og starfshætti þeirra.

Um réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna og annarra starfsmanna í heilbrigðisþjónustu gilda lög þessi, lög um réttindi sjúklinga, lög um landlækni og lýðheilsu, lög um sjúkraskrár og önnur lög eftir því sem við á.



## Hver er munurinn á sjúklingi og fötluðum einstaklingi

- Sjúklingahlutverk - Talcott Parsons (1951)
  - Sjúklingurinn þarf ekki að uppfylla ákveðnar félagslegar skyldur
  - Það er ekki sjúklingnum sjálfum að kenna að hann veiktist
  - Sjúklingurinn á að reyna að ná báta
  - Sjúklingurinn á að sækja sér aðstoð og vera samvinnuþýður
- Almennt séð er fatlað fólk við góða heilsu
- Eru allir öryrkjar fatlaðir?

## Faglegar kröfur

Heilbrigðisstarfsmaður skal sýna sjúlingi virðingu og sinna störfum sínum af árvekni og trúmennsku ...

Heilbrigðisstarfsmanni ber að þekkja skyldur sínar og siðareglur, viðhalda þekkingu sinni og faglegri færni, tileinka sér nýjungar er varða starfið og kynna sér lög og reglugerðir

**17. gr.** *Trúnaður og þagnarskylda.*

| 5. gr. um faglegar kröfur og ábyrgð þroskaþjálfa | 8. gr. um faglegar kröfur og ábyrgð félagsráðgjafa |
|---|---|
| Þroskaþjálfi skal sýna þeim sem hann veitir þjónustu virðingu og sinna störfum sínum af árvekni og trúmennsku og í samræmi við þær faglegu kröfur sem gerðar eru til stéttarinnar á hverjum tíma. | Félagsráðgjafi skal sýna þeim sem hann veitir þjónustu virðingu og sinna störfum sínum af árvekni og trúmennsku og í samræmi við þær faglegu kröfur sem gerðar eru til stéttarinnar á hverjum tíma. |
| Þroskaþjálfa ber að þekkja skyldur sínar og virða siðareglur stéttarinnar, viðhalda þekkingu sinni og faglegri færni og tileinka sér nýjungar er varða starfið. | Félagsráðgjafa ber að þekkja skyldur sínar og virða siðareglur stéttarinnar, viðhalda þekkingu og faglegri færni og tileinka sér nýjungar er varða starfið. |
| Þroskaþjálfi skal þekkja lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstarfsmenn, **málefni fatlaðs fólks**, heilbrigðisþjónustu svo og önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli eftir því sem við á. | Félagsráðgjafi skal þekkja lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstarfsmenn, heilbrigðisþjónustu, **málefni fatlaðs fólks** og önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli eftir því sem við á. |
| Þroskaþjálfi ber ábyrgð á þeirri upplýsingagjöf, fræðslu, aðstoð og ráðgjöf sem hann veitir. Í starfi þroskaþjálfa felst enn fremur að efla lífsgæði **fatlaðs fólks** og auka þátttöku þess í samfélaginu. | Félagsráðgjafi ber ábyrgð á þeirri félagsráðgjöf, greiningu, meðferð og forvörnum sem hann veitir. |
| Þroskaþjálfi skal virða faglegar takmarkanir sínar og leita eftir aðstoð eða vísa þeim sem hann veitir þjónustu til annars heilbrigðisstarfsmanns eftir því sem nauðsynlegt er, svo sem ef hann telur sig ekki geta veitt viðeigandi þjónustu. | Félagsráðgjafi skal virða faglegar takmarkanir sínar og leita eftir aðstoð eða vísa þeim sem hann veitir þjónustu til annars heilbrigðisstarfsmanns eftir því sem nauðsynlegt er, svo sem ef hann telur sig ekki geta veitt viðeigandi þjónustu. |

## Heilbrigðisstarfsfólk skal þekkja lög og reglugerðir

Sjúkraþjálfari skal þekkja lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisþjónustu og önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli eftir því sem við á.

Iðjuþjálfi skal þekkja lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisþjónustu og önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli eftir því sem við á.

## Lög, reglugerðir og stofnanir

- Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir
- Lög á sviði félagsþjónustu og félagslegrar aðstoðar
- Lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk
- Reglugerð um réttindagæslumenn fatlaðs fólks.
- Reglugerð 1250/2018 um notendastýrða persónulega aðstoð
- Reglugerðir á sviði félagsþjónustu og félagslegrar aðstoðar